

Ágætu Bílddælingar!

Dagana 28. – 29. september er boðið til íbúapings, undir yfirskriftinni:

Bíldudalur – samtal um framtíðina

Til umræðu er allt það sem þátttakendur vilja ræða, staða og framtíð Bíldudals; atvinnumál, umhverfismál og málefni samfélagsins. Fyrirkomulagið er þannig að þátttakendur sjálfir móta dagskrána. Fyrri daginn eru dregnar fram hugmyndir, þær vegnar og metnar og síðari daginn er gengið frá forgangsröðun verkefna og aðgerðaáætlunum.

Þingið er haldið á vegum Byggðastofnunar, Vesturbyggðar, Fjórðungssambands Vestfirðinga, AtVest, Háskólans á Akureyri og íbúa Bíldudals. Umsjón með þinginu hefur Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf.

Í upphafi dagskrár verður m.a. greint frá skilaboðum íbúafundar sem haldinn var þann 3. sept. síðastliðinn.

Fólk er beðið um að hvetja ungt fólk og aðra sem hafa tengsl við Bíldudal til að koma og vera með.

Ekki þarf að skrá þátttöku og allir geta verið með, líka þeir sem ekki geta verið allan tímann.

Að lokum:

Verkefnisstjórnin hyggst vinna með íbúum Bíldudals og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar, í málum sem snúa að Byggðastofnun, Vesturbyggð, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, AtVest og Háskólanum á Akureyri. Við ákvarðanir þessara aðila verður upplýst hvernig skilaboð íbúapingsins voru höfð til hliðsjónar. Verkefnisstjórnin mun einnig koma niðurstöðum íbúapingsins á framfæri við ríkisstjórn og stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar á Bíldudal.

Íbúaping!

í Félagsheimilinu Baldurshaga

Laugardag 28. sept. kl. 11—16 og sunnudag 29. sept. kl. 11—15

Veitingar í boði Vesturbyggðar. Barnagæsla í Leikskólanum Tjarnarbrekku.

Með von um að sem flestir taki þátt!



VESTURBYGGÐ